

148. löggjafarþing 2017–2018.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC)

Frá mennta- og menningarmálaráðherra.

I. KAFLI

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að innleiða reglugerð ráðsins (EB) nr. 723/2009 eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1261/2013 og heimila þannig þátttöku Íslands í samtökum um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC).

2. gr.

Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 23. apríl 2015, bls. 109-116, og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1261/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 723/2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 23. apríl 2015, bls. 92-93, skulu hafa lagagildi hér landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2015 frá 20. mars 2015 sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 29 frá 19. maí 2016, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

3. gr.

Skráning samtaaka um evrópska rannsóknarinnviði

Ríkisskattstjóri skráir samtök um evrópska rannsóknarinnviði sem hafa lögboðið aðsetur á Íslandi og fengið hafa samþykki í samræmi við 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 í fyrirtækjaskrá innan þriggja mánaða frá því umsókn um stofnun samtakanna var samþykkt.

Í tilkynningu um stofnun samtaaka um evrópska rannsóknarinnviði skal, eftir því sem við á, greina:

1. heiti samtakanna
2. lögheimili
3. tilgang
4. stofnendur
5. stjórn
6. framkvæmdastjórn
7. prókúru

8. endurskoðendur

Með tilkynningu skulu fylgja stofnsamþykktir samtakanna.

Breytingar á samþykktum eða öðru því sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna innan mánaðar sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 723/2009. Krefjast má sannana fyrir lögmæti breytinga. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa.

Samtökum um evrópska rannsóknarinnviði er skylt að hafa skammstöfunina ERIC í heiti sínu.

Um stofnun og skráningu samtaka um evrópska rannsóknarinnviði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009, og eftir því sem við á ákvæði laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, með síðari breytingum.

4. gr.

Slit samtaka um evrópska rannsóknarinnviði

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um slit samtaka um evrópska rannsóknarinnviði í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 skulu samtökin birta í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa samtakanna um að tilkynna kröfur sínar til stjórnar samtakanna innan sex vikna frá birtingu áskorunarinnar. Þekktum kröfuhöfum skal jafnframt send tilkynning um slitin sé þess kostur.

Tilkynning um lok slitameðferðar samtaka um evrópska rannsóknarinnviði skal tilkynnt ríkisskattstjóra innan tíu daga frá birtingu hennar og skal tilkynningin skráð í fyrirtækjaskrá. Um slit samtaka um evrópska rannsóknarinnviði gilda ákvæði 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009.

5. gr.

Reglugerð

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar um ferli er varðar umsóknir Íslands að ERIC samtökum.

6. gr.

Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Greinargerð.***1. Inngangur.**

Haustið 2017 var skipaður starfshópur til að gera frumvarp til laga um samtök um evrópska rannsóknarinnviði undir formennsku mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í starfshópnum sátu fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, utanríkisráðuneytis og Veðurstofu Íslands. Frumvarp þetta er afurð þessa starfshóps.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2015 frá 20. mars 2015 var felld inn í EES-samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC) ásamt reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1261/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 723/2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC). Ákvörðun

sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlaðist gildi 6. júní 2015. Noregur tók ákvörðunina með stjórnskipulegum fyrirvara, eitt EFTA-ríkjanna innan EES, og aflétti fyrirvaranum hinn 5. júní 2015. Umrædd gerð var felld inn í bókun 31 við EES-samninginn, sem mælir fyrir um samvinnu utan fjórþætta frelsisins.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Til að hægt sé að stunda framúrskarandi rannsóknir þurfa vísindamenn að hafa aðgang að hágæða rannsóknarinnviðum (t.d. tækjabúnaði, gagnagrunnum og rafrænum innviðum). Oft er um að ræða mjög dýra og/eða umfangsmikla rannsóknarinnviði sem útilokað er að einstakt ríki hafi bolmagn til að koma sér upp. Til að vera samkeppnishæft á alþjóðlegan mælikvarða hefur íslenskt vísindasamfélag hag af því að geta tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknarinnviði. Með aðild að stórum rannsóknarinnviðum fá vísindamenn aðgengi að aðstöðu, tækjabúnaði, mæligögnum, aðferðafræði og ekki síst alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi sem er lífsnauðsynlegt íslensku vísindasamfélagi.

Gríðarleg uppbygging rannsóknarinnviða á sér nú stað í samstarfi Evrópuríkja og er þetta samstarf leitt áfram af evrópskri nefnd um samstarf á sviði rannsóknarinnviða (ESFRI). ESFRI birtir reglulega vegvísi um rannsóknarinnviði þar sem finna má lista yfir stór, evrópsk samstarfsverkefni sem uppfylla ströng skilyrði um vísindaleg gæði, fagleg markmið og sjálfbæran rekstur. Þegar verkefni á vegvísi ESFRI hafa náð ákveðnum þroska gangast þau flest undir félagiformið ERIC. Frumvarpið er forsenda þess að Ísland geti gerst aðili að ERIC samtökum og þannig að fullu tekið þátt í og hagnýtt sér hina miklu uppbyggingu rannsóknarinnviða í Evrópu. Frumvarpið er einnig forsenda þess að Ísland geti haldið áfram þátttöku í mikilvægum ESFRI rannsóknarinnviðum sem það er þegar aðili að en stefnt er á að stofna ERIC samtök um.

Verði frumvarpið samþykkt opnast einnig möguleikinn á að Ísland hýsi stóra rannsóknarinnviði en það myndi efla viðkomandi fræðasvið t.d. með auknum áhuga erlendra vísindamanna á að starfa hér, betra aðgengi nema í rannsóknartengdu námi að bestu fánlegu aðstöðu og frjórri jarðvegi fyrir nýsköpun og tækniþróun. Það verður þó að teljast ólíklegt að Ísland hýsi slíka innviði í nánustu framtíð.

Með þátttöku í ERIC samtökum geta áhrif Íslands innan evrópsks rannsóknasamfélags aukist ekki síst á sviðum sem eru mikilvæg fyrir íslenskt samfélag auk þess sem aðgengi að styrkfé úr evrópskum samkeppnissjóðum eykst þar sem hægt er að sækja um styrki í nafni ERIC samtakanna.

Verði lögin ekki samþykkt myndi það hindra aðgengi íslenskra aðila að evrópskum rannsóknarinnviðum sem myndi draga úr samkeppnishæfi íslenskra stofnana þegar til lengri tíma er litið, t.d. geta ERIC samtök sem slík sótt um styrki í rannsóknaráætlanir Evrópusambandsins.

Nú þegar er áhugi fyrir þátttöku Íslands í þremur ERIC samtökum:

1. **Veðurstofa Íslands (EPOS-ERIC).** Tilgangurinn með EPOS-ERIC er að styrkja jarðvísindarannsóknir í Evrópu með því að byggja upp samevrópska rannsóknarinnviði í jarðvísindum. Með þátttöku í EPOS-ERIC skapast nýir möguleikar á þverfaglegum rannsóknum, þar með talið rannsóknum sem skipta miklu fyrir almannavarnir hér á landi, s.s. á hættu á jarðskjálftum og eldgosum. Rannsóknarinnviðir frá Veðurstofunni, HÍ og Landmælingum Íslands hafa þegar

gerðir aðgengilegir innan EPOS-ERIC og stuðlar það að auknum rannsóknum á náttúruvá hér á landi.

Veðurstofan hefur tekið þátt í EPOS um nokkurra ára skeið en EPOS hefur nýverið fengið ERIC stöðu sem setur aðild Veðurstofunnar í uppnám. EPOS hefur haft töluverð áhrif á rannsóknarköll í bæði 7. og 8. rammaáætlun ESB og hefur þátttaka í EPOS (áður en það varð að ERIC samtökum) auðveldað íslenskum stofnunum að sækja í þessar áætlanir. Sem dæmi má nefna evrópska rannsóknarverkefnið FUTURVOLC sem leitt var af Jarðvísindastofnun HÍ og Veðurstofunni. FUTUREVOLC hlaut styrk upp á um 6 m.evra sem allur var nýttur í rannsóknir og uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi. Mælitækin sem sett voru upp vegna þessa skiptu sköpun við vöktun og rannsóknir á eldgosinu í Holuhrauni og stóra Skaftárhlaupinu 2015.

2. **Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (CLARIN-ERIC).** CLARIN-ERIC nýtist vísindamönnum sem vinna með stafræn tungumálagögn. Með þátttöku í CLARIN-ERIC fengu þeir sem vinna að máltækni á Íslandi aðgang að verkfærum og gagnasöfnun til að nýta við þá innviðaupbyggingu og þróun sem stendur fyrir dyrum hér. CLARIN er vettvangur til að deila reynslu, þekkingu, gagnasöfnum og verkfærum milli þátttökuríkja.
3. **Félagsvísindastofnun (ESS-ERIC).** ESS er könnun á sviði félagsvísinda sem gerð er annað hvert ár og hefur Ísland þrisvar tekið þátt, árin 2004, 2012 og 2016. Gögnunum í ESS er safnað með mjög ströngum og samræmdum aðferðum og eru þau birt í opnum aðgangi. Með því að kortleggja stöðugleika og breytingar í félagsgerð, aðstæðum og viðhorfum í þátttökuríkjunum hefur gagnasafnið ekki einvörðungu nýst breiðum hópi fræðimanna í rannsóknum sínum, heldur einnig stjórnvöldum við stefnumótun, ákvarðanatöku og í samanburði á milli landa.

Áformuð lagasetning tengist markmiðum á málaflokki 7.1. í fjármálaáætlun 2019-2023 sem segir að meginmarkmið málefnasviðsins sé „alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi rannsókna og nýsköpunar þar sem áhersla er lögð á gæði, gagnsæi, alþjóðasamstarf og árangur“. Enn fremur styður lagasetningin markmið Vísinda- og tækniráðs 2017-2019 um eflingu alþjóðasamstarfs um rannsóknarinnviði.

Varðandi innleiðingu reglugerðarinnar í landsrétt er horft til Noregs. Í Noregi voru sett lög um ERIC (LOV-2015-12-11-99) sem tóku gildi 1. janúar 2016. Í norsku lögunum er viðkomandi tölulið í bókun 31 við EES-samninginn veitt lagagildi. Þá er að finna ákvæði í lögunum um tilkynningu ERIC til fyrirtækjaskráningar og hvernig fara skuli með slit ERIC. Þá er ráðherra veitt reglugerðarheimild til að mæla nánar fyrir um atriði.

Þess ber að geta að framkvæmd á Íslandi hefur ekki verið með þeim hætti að tölulið í viðauka við EES-samninginn er veitt lagagildi, heldur hefur þurft að vísa til birtingar viðkomandi gerðar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, eða birt íslensku Stjórnartíðindunum, sbr. nánar lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið snýr að því að innleiða reglugerð (EB) nr. 723/2009 eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 1261/2013. Með lögunum er reglugerðin innleidd í íslenskan rétt og

veitt lagagildi. Í lögnum er einnig að finna ákvæði um skráningu, umsóknarferli um stofnun ERIC á Íslandi eða þátttöku í ERIC staðsettum erlendis og reglugerðarheimild ráðherra.

Frumvarpið snertir á nokkrum gildandi lögum;

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 723/2009 er mælt fyrir um gildandi lög og lögsögu ERIC-samtaka. Kemur þar fram í 1. mgr. að um stofnun og innra starf ERIC-samtaka skuli gilda lög Bandalagsins, einkum reglugerðin og ákvarðanir sem nánar er vísað til, lög þess ríkis þar sem samtökin hafa lögboðið aðsetur í málum sem falla ekki, eða aðeins að hluta, undir þær gerðir sem vísað er til í a-lið, og stofnsamþykktir og framkvæmdarreglur þeirra. Í 2. mgr. kemur fram að dómstóll Bandalagsins skuli hafa lögsögu yfir málssókn milli félagsmanna í tengslum við ERIC-samtökin, málssókn milli félagsmanna og ERIC-samtakanna og málssókn sem Bandalagið er aðili að. Fram kemur í 3. mgr. að löggjöf Bandalagsins um lögsögu skuli gilda um ágreining milli ERIC-samtaka og þriðju aðila. Í málum sem falla ekki undir löggjöf Bandalagsins skulu lög ríkisins þar sem ERIC-samtökin hafa lögboðið aðsetur ákvarða lögbært dómshald til að leysa úr slíkum ágreiningi. Mikilvægt er að sami lagarammi gildi um ERIC samtök óháð staðsetningu og möguleg aðkoma dómstóls Bandalagsins snýr eingöngu að starfsemi ERIC-samtaka.

Ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar lýtur að heimild framkvæmdarvaldsins til að gera samninga við önnur ríki. Ákvæði 2. gr. og 60. gr. stjórnarskrárinnar kunna að koma til álita við mat á því hvort stjórnarskráin setji framsali ríkisvalds skorður, en færa má rök fyrir því að ákvæðin tryggi aðilum á íslensku yfirráðasvæði rétt til að fá íþyngjandi ákvörðun stjórnvalda endurskoðaða af íslenskum dómstólum.

Stjórnskipuleg álitaefni af þessu tagi vöknudú við aðild Íslands að EES-samningnum. Nefnd sem utanríkisráðherra skipaði ályktaði árið 1992 að fullgilding og lögfesting samningsins fæli ekki í sér framsal ríkisvalds sem útheimti stjórnarskrárbreytingu. Ástæðan var meðal annars sú að dæmi hefðu lengi verið til staðar um að ákvarðanir erlendra stjórnvalda giltu hér á landi og að þær væru aðfararhæfar, dæmi væru um að erlendum dómum mætti fullnægja hér á landi og vald það sem alþjóðastofnunum yrði falið væri vel afmarkað, á takmörkuðu sviði og væri ekki verulega íþyngjandi fyrir íslenska aðila.

Íslenskir fræðimenn hafa fjallað um framsal ríkisvalds og stjórnskipulegar takmarkanir þess. Hafa þeir sett fram ýmis sjónarmið þegar metið er hvort framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana sé heimilt.

Fræðimenn hafa talið eðlilegt að Alþingi hafi ákveðið svigrúm til að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar á þann hátt að möguleikar Íslands sem fullvalda þjóðréttaraðili í samstarfi og samningum við aðrar þjóðir séu ekki of takmarkaðir. Tiltekin ákvæði stjórnarskrárinnar kunna að setja skorður við víðtæku framsali ríkisvalds til alþjóðastofnana, eins og áður segir. Því þarf að athuga hvort löggjafinn hafi svigrúm til takmarkaðs framsals, en af lestri 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 723/2009 sést að framsal það sem dómstól Evrópusambandsins er veitt er bæði takmarkað og vel skilgreint, enda bundið til tiltekin ágreiningsmál vegna ERIC-samtaka eingöngu.

Framsalið þarf að vera byggt á almennum lögum. Gengið er út frá því að með þessu frumvarpi verði sköpuð almenn lagaumgjörð fyrir Ísland til að taka þátt í ERIC-samtökum.

Máli skiptir að hvaða aðilum ákvarðanir hins yfirþjóðlega valds beinast, en talið er að mörk stjórnarskrárinnar til framsals ríkisvalds sé rýmra þegar ákvarðanirnar beinast eingöngu að íslenskum ríkinu eða stofnunum þess. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 723/2009

takmarkast við félagsmenn í tengslum við ERIC-samtök, sem eru fullvalda ríki. Samanber þó einnig 3. mgr. sömu greinar.

Það starf sem unnið er í ERIC-samtökum stefnir að lögmætum markmiðum í þágu menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara, en meginverkefni ERIC-samtaka skal vera sköpun og rekstur rannsóknarinnviða, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 723/2009. Þar að auki er þátttaka í ERIC valfrjáls og afturkallanleg.

Fræðimenn telja að ekkert eitt af þessum atriðum ráði að jafnaði úrslitum um að hvaða marki stjórnskráin heimilar framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana, heldur er um heildarmat að ræða.

Þá ber að líta til þess að það er almennt talið til hagsbóta fyrir samstarf að mælt sé fyrir með skýrum og fyrir fram ákveðnum hætti um lausn deilumála sem standi öllum aðilum til boða, telji þeir á sig hallað í samstarfinu, fyrir sjálfstæðum dómstóli, sem leysi úr ágreiningi aðila.

Að teknu tilliti til framangreindrar umfjöllunar var það mat starfshópsins að lögsaga dómstóls Evrópusambandsins yfir málssóknum vegna ERIC-samtaka sé samrýmanlegt íslensku stjórnskránni, samþykki Alþingi almenn lög þess efnis.

Tollalög nr. 88/2005 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Í reglugerð ESB nr. 723/2009 segir efnislega að ERIC samtök skuli njóta tiltekins skattfrelsis á Íslandi og gert sé ráð fyrir að hýsingarríki (e. host states) og aðilar (e. member states) að ERIC-samtökum þurfi að skila inn yfirlýsingu þar sem tilvist slíkra ívilnana er viðurkennd.

Af framangreindu leiðir að taki Ísland þátt í ERIC-samtökum verður því skylt að:

1. Veita ERIC-samtökunum undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts við innflutning á varningi að gættum þeim takmörkunum sem kveðið er á um í stofnsamningi samtakanna.

2. Veita aðilum að ERIC-samtökunum undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts við innflutning á varningi að gættum takmörkunum sem kveðið er á um í stofnsamningi samtakanna og að því leyti sem innflutningurinn er nauðsynlegur til þess að markmiðum samtakanna verði náð og sem segja má að innflutningurinn hafi verið fyrirséður við gerð stofnsamningsins.

3. Undanþiggja greiðslu virðisaukaskatts afhendingu varnings til ERIC-samtakanna að því leyti sem slíkt samræmist stofnsamningi samtakanna.

4. Undanþiggja greiðslu virðisaukaskatts afhendingu varnings til aðila að ERIC-samtökunum að gættum takmörkunum sem kveðið er á um í stofnsamningi þeirra og að því leyti sem afhendingin er nauðsynleg til þess að markmiðum samtakanna verði náð og segja má að innflutningurinn hafi verið fyrirséður við gerð stofnsamningsins.

5. Undanþiggja greiðslu vörugjalda vörur sem eru ætlaðar ERIC-samtökunum að því marki sem slíkt samræmist takmörkunum sem kveðið er á um í stofnsamningi samtakanna.

6. Undanþiggja greiðslu vörugjalda vörur sem eru ætlaðar aðilum að ERIC-samtökunum að því marki sem slíkt samræmist takmörkunum og skilyrðum sem kveðið er á um í stofnsamningi samtakanna og að því leyti sem innflutningurinn er nauðsynlegur til þess að markmiðum samtakanna verði náð og segja má að innflutningurinn hafi verið fyrirséður við gerð stofnsamningsins.

Umfang ívilnana takmarkast við þá aðstöðu, hráefni og þjónustu sem afhent er í beinum tengslum við eðli og starfsemi viðkomandi ERIC-samtaka þannig ná undanþágurnar m.a. til meiriháttar vísindabúnaðar, verkfæra/tækja, þekkingargrunna s.s. gagnasafna og gagnagrunna sem og innviða til geymslu, dreifingar og úrvinnslu vísindagagna s.s.. nettenginga,

tölvubúnaðar og hugbúnað eða hvers þess sem nauðsynlegt telst fyrir starfsemi ERIC samtakanna. Slíkar umgerðir geta verið staðbundnar eða dreifðar.

Ef Ísland óskar eftir aðild að ERIC-samtökum mun það teljast tengt ríki (e. associated country) í skilningi reglugerðar (EB) nr. 723/2009. Í tilviki slíkra ríkja teljast skuldbindingar um undanþágur frá sköttum uppfylltar hvort sem þær eru veittar sem beinar undanþágur eða á grundvelli endurgreiðslufyrirkomulags.

Vörugjöld í skilningi reglugerðar (EB) nr. 723/2009 sbr. tilskipun 2008/118/EC (sem leysir af tilskipun 92/12/EEC) eru skattar sem eru lagðir á neyslu tiltekinna vara, nánar tiltekið orku og eldsneytis, áfengis og tóbaks.

Ákvæði sem gera íslenskum stjórnvöldum fært að fella niður aðflutningsgjöld á grundvelli ákvæða alþjóðasamninga hefur um nokkurt skeið mátt finna í tollalögum og lögum um virðisaukaskatt. Eftir samþykkt laga nr. 59/2017, sem breyttu ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld, eru til staðar í íslenskum skattalögum ákvæði um niðurfellingu, og eftir atvikum endurgreiðslu, ýmissa skatta og gjalda í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands. Skilyrði slíkra ívilnana eru að þær megi leiða af alþjóðasamningum og tvíhliðasamningum og þeir hafi tekið gildi hvað Ísland varðar.

Af framangreindu er það mat starfshópsins að ákvæði íslenskra skattalaga um ívilnanir á grundvelli alþjóðasamninga séu þegar nægileg og ekki sé þarft að ráðast í frekari lagabreytingar að svo stöddu.

Lög um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003. Það er mat starfshópsins að ekki sé þörf á að breyta lögum um fyrirtækjaskrá vegna skráninga á ERIC-samtökum. Slík samtök gætu rúmast innan 5. tl. 2. gr. laga um fyrirtækjaskrá, en undir þann tölulið fellur önnur starfsemi sem ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá.

Í ljósi þess hverjir geta orðið félagsmenn að samtökum sem þessum verður að telja að lagasetning milli ríkja ætti að vera sambærileg. Sambærileg lagasetning þeirra ríkja sem setja lög er varða samtök þessi stuðlar að einsleitni félagaformsins. Með hliðsjón af þessu verður að telja að sá frestur sem samtök hafa til að tilkynna um stofnun þeirra til fyrirtækjaskrár ætti að vera sambærileg milli landa.

4. Samráð.

Frumvarpið snertir helst rannsóknarstofnanir og háskóla. Áform um lagasetningu voru tilbúin vorið 2018 og sett í samráðsgátt stjórnarráðsins sumarið 2018 og tilkynning send til helstu hagsmunaaðila.

5. Mat á áhrifum.

Fagleg áhrif: Aðild að ERIC samtökum hefur jákvæð áhrif á gæði íslenskrar rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi og rannsóknarmenntunar. Það getur skilað sér í fleiri birtingum vísindagreina, aukinni samkeppnishæfni íslenskra háskóla og rannsóknatofnana, aukinnar nýsköpunar á fræðasviði ERIC samtakanna og fjölgunar erlendra vísindamanna með aðsetur á Íslandi sem og erlendra nema í framhaldsnámi við íslenska háskóla svo eitthvað sé nefnt. Með þátttöku í ERIC samtökum geta áhrif Íslands innan evrópsks rannsóknasamfélags aukist ekki síst á sviðum sem eru mikilvæg fyrir íslenskt samfélag (sbr. upptalningu að ofan) og aðgengi að styrkjum úr evrópskum samkeppnissjóðum aukist.

Möguleg fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð geta verið tvenns konar, annars vegar vegna ERIC samtaka á Íslandi og hins vegar vegna þátttöku Íslands í ERIC samtökum staðsettum erlendis.

Á næstu árum verður kostnaður ríkissjóðs eingöngu vegna þátttöku Íslands í erlendum ERIC samtökum en áform eru um aðild að þremur ERIC samtökum Þau ERIC samtök sem Ísland stefnir á þátttöku í erlendis eru EPOS-ERIC (Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur greitt árgjald fyrir Veðurstofu Íslands í EPOS um nokkurra ára skeið eða áður en EPOS tók upp ERIC rekstraformið), CLARIN-ERIC (í verkáætlun um máltækni 2018-2022 er lagt til að Ísland sækir um aðild að CLARIN og gert er ráð fyrir að Stofnun Árna Magnússonar verði miðstöð CLARIN á Íslandi) og ESS-ERIC en Félagsvísindastofnun hefur haft gestaaðild að ESS með hléum undanfarin ár. Allar líkur eru á að áhugi íslenskra rannsóknastofnana að ERIC samtökum eigi eftir að aukast.

Árlegur kostnaður Íslands vegna þátttöku í þessum samtökum er:

- 8 – 10 m.kr. vegna árgjalds að ERIC-EPOS
- 1,5 - 2 m.kr. vegna árgjalds að ERIC-CLARIN
- 5,4 m.kr. vegna árgjalds að ERIC-ESS og 33 m.kr. annað hvert ár vegna gagnasöfnunar í evrópska félagsvísindagrunninn.

Mögulegt framsal á dómsvaldi: Íslenskir fræðimenn hafa þeir sett fram ýmis sjónarmið þegar metið er hvort framsal valdheimilda ríkisins til alþjóðlegra stofnana sé heimilt. Stjórnvöld hafa útbúið áhrifamat um þetta atriði og er niðurstaða þess sú að lögsaga dómstóls Evrópusambandsins yfir málssóknum vegna ERIC samtaka sé samrýmanleg íslensku stjórnarskránni, samþykki Alþingi almenn lög þess efnis.:

- a) Að framsalið sé byggt á almennum lögum. Greining: ERIC frumvarpið eru almenn lög.
- b) Að framsalið sé afmarkað og vel skilgreint. Greining: Framsalið er vel skilgreint og afmarkað í 15. gr. reglugerðarinnar.
- c) Að framsalið sé ekki verulega íþyngjandi, hvort fyrir íslenska ríkið né þegna þess. Greining: Framsalið er ekki almennt þar sem það nær eingöngu til ERIC samtaka.
- d) Að framsalið sé byggt á samningi sem kveður á um gagnkvæm réttindi og skyldur og mælir fyrir um samsvarandi framsal ríkisvalds annarra samningsríkja. Greining: Allir aðilar að ERIC (þ.m.t. lönd eins og Noregur sem standa utan ESB) gangast undir sama framsal á dómsvaldi.
- e) Að hinar alþjóðlegu stofnanir sem vald er framselt til byggist á lýðræðislegum grundvelli og að þær viðurkenni almennar meginreglur um réttláta málsmeðferð og réttláta stjórnsýslu. Greining: Evrópudómstóllinn uppfyllir þetta skilyrði.
- f) Að framsalið leiði af þjóðréttarsamningi sem stefnir að lögmætum markmiðum í þágu friðar og menningarlegra, félagslegra eða efnahagslegra framfara. Greining: Reglugerð ESB nr. 723/2009 um ERIC hefur verið tekin upp í bókun 31 við EES samningin sem mælir til um samvinnu utan fjórþætta frelsisins, öll tilgreind markmið eiga við um ERIC.
- g) Að framsalið leiði ekki til þess að skert séu réttindi þegnanna sem vernduð eru í stjórnarskrá. Greining: Framsalið á eingöngu við um íslenska ríkið en ekki þegna þess.
- h) Að framsalið sé afturkallanlegt. Greining: Þátttökuaðild í ERIC er valfrjáls og afturkallanleg.

Hingað til hafa ekki komið upp nein tilvik í ERIC samtökum þar sem reynt hefur á mál af þessu tagi. Dæmi um slík mál væru t.d. ágreiningur um hvort þátttökuaðili uppfylli skilyrði þátttöku (hvort grípa þurfi til brottreksturs) og ágreiningur um hvort nægjanlegum fjölda hafi verið náð á fundi til að taka bindandi ákvarðanir.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið endurspeglar tilgang reglugerðar um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC). Rannsóknarinnviðir gegna lykilhlutverki í að viðhalda samkeppnishæfni Evrópu og landa álfunnar en jafnframt eru þeir stöðugt að verða flóknari og dýrari. Samstarf ríkja um uppbyggingu og rekstur rannsóknarinnviða verður því æ mikilvægara. ERIC félagaformið auðveldar slíkt samstarf og styður við áætlun Bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun. Þessi nýi lagarammi myndi koma til fyllingar öðru gildandi lagalegu formi samkvæmt landslögum, alþjóðalögum eða lögum Bandalagsins.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um lögfestingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 frá 25. júní 2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC), eins og breytt með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1261/2013 frá 2. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 723/2009 um lagaramma Bandalagsins um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC). Gerðirnar voru teknar upp í EES-samninginn árið 2015 með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2015 og tók ákvörðunin gildi hinn 6. júní 2015.

Gerðirnar voru felldar inn í bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Ekki var talin ástæða til að innleiða reglugerðina árið 2015, þar sem hún var felld inn í bókun 31 við EES-samninginn og ekki lá fyrir hvort áhugi væri af hálfu íslenskra aðila að taka þátt í evrópskum rannsóknarinnviðum yfir höfuð, þótt umgjörðin væri til staðar við innfellingu gerðarinnar í bókun 31.

Þar sem nú liggur fyrir áhugi á því, sbr. umfjöllun í kafla X. í athugasemdum við frumvarp þetta, þykir tímabært að innleiða reglugerðina í íslenskan rétt svo íslenskir aðilar geti sótt um aðild að evrópskum rannsóknarinnviðum og nýtt tækifærin samfara.

Er lagt til að það sé gert með því að gefa reglugerðinni lagagildi, í samræmi við a-lið 1. mgr. 7. gr. EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem fram kemur að gerð sem samsvarar reglugerð EBE skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila. Þá er efni reglugerðarinnar þess eðlis að rétt þykir að gefa henni lagagildi, í stað stöðu stjórnvaldsfyrirmæla, til að hún hafi stöðu almennra laga vegna efni ákvæðanna sem hún hefur að geyma.

Um 3. gr.

Lagt er til að fyrirtækjaskrá skrái samtök um evrópsk rannsóknarinnviði í fyrirtækjaskrá og gefi út kennitölu á grundvelli 5. tölul. 2. gr. laga um fyrirtækjaskrá en ákvæðið nær til annarrar starfsemi en talin er upp í 1.-4. tölul. greinarinnar sem ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá.

Skv. 5. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 skal umsókn um stofnun samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði send framkvæmdastjórn ESB.

Sé umsókn um stofnun samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði samþykkt af framkvæmdastjórninni skal ákvörðun þar um birt í L-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Skrá skal samtök um evrópsk rannsóknarinnviði sem starfrækt eru á Íslandi í fyrirtækjaskrá innan þriggja mánaða frá því umsókn um stofnun samtakanna var samþykkt af framkvæmdastjórn ESB, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 723/2009.

Í tilkynningu til fyrirtækjaskrár um skráningu samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði skal skrá nafn samtakanna og lögheimili, skrá skal tilgang samtakanna og stofnendur, sem og stjórn, framkvæmdastjórn, prókúruhafa og endurskoðendur. Með tilkynningu skulu fylgja stofnsamþykktir samtakanna.

Lagt er til að samtökum um evrópsk rannsóknarinnviði sé skylt að nota skammstöfunina ERIC í heiti sínu og er sú tillaga í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009.

Allar breytingar sem verða á atriðum sem skráð eru í fyrirtækjaskrá skal tilkynna fyrirtækjaskránni um breytingarnar eigi síðar en mánuði eftir að breytingin var samþykkt. Það sama á við ef breytingar verða á samþykktum samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði en senda skal fyrirtækjaskrá uppfært eintak samþykktanna. Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa samtakanna.

Þá gilda ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 og laga um fyrirtækjaskrá um skráningu samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði.

Um 4. gr.

Ákvörðun um slit samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði skal tekin í samræmi við 16. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 723/2009 og samþykktir samtakanna. Þegar tekin hefur verið ákvörðun um slit samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði skulu samtökin birta í Lögbirtingablaðinu áskorun til kröfuhafa samtakanna um að tilkynna kröfur sínar til stjórnar samtakanna innan sex vikna frá birtingu áskorunarinnar. Þekktum kröfuhöfum skal jafnframt send tilkynning um slitin sé þess kostur.

Tilkynning um lok slitameðferðar samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði skal tilkynnt fyrirtækjaskrá innan tíu daga frá lokum hennar og skal tilkynningin skráð í fyrirtækjaskrá. Framkvæmdastjórn ESB skal birta tilkynningu um slit samtaka um evrópsk rannsóknarinnviði í C-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og telst samtökunum slitið þegar tilkynning hefur verið birt.

Um 5. gr.

Heimild er fyrir ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um ferli umsókna er varða stofnun ERIC samtaka á Íslandi eða aðild Íslands að ERIC samtökum erlendis. Greinin er almenn reglugerðarheimild en gert er ráð fyrir því að heimilt verði að innleiða afleiddar gerðir á grundvelli þessa ákvæðis, settar á grundvelli efnisreglna sem finna má í ákvæðum reglugerða um samtök um evrópska rannsóknarinnviði (ERIC) sem lagt er til að fái lagagildi með frumvarpi þessu.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.